

Tilvísun í mál: ANR14120285

Frumrit verður sent í pósti.

Kveðja

Torfi Jóhannesson



Torfi Jóhannesson, sérfræðingur / Senior Advisor, Rural Affairs

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Tel: +(354) 545 9700

<http://www.anr.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Bréf

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

, 13. febrúar 2015
ANR14120285

Efni: Athugasemdir við tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 hefur verið send atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til umsagnar og er þess óskað að umsögnum verði skilað í síðasta lagi þann 13. febrúar 2015.

Í kafla 1.1.2 *Sjálfbær gróðurframvindasegir*: "Áhersla landsskipulagsstefnu á sjálfbæra gróðurframvindu á miðhálandinu verði m.a. útfærð með ákvæðum í aðalskipulagi um beitarsvæði í samráði við bændur og Landgræðslu ríkisins. Þau miði að því að beitarálag sé í samræmi við ástand vistkerfa og markmið um að endurheimta og styrkja náttúruleg vistkerfi og draga úr jarðvegseyðingu. Þannig verði stuðlað að því að beit á miðhálandinu verði stjórnað þannig að landnýting verði með sjálfbærum hætti, valdi ekki gróður- eða jarðvegseyðingu eða hamli náttúrulegri framvindu vistkerfa á illa förnunum. Einnig verði, eftir því sem við á, sett ákvæði í aðalskipulagi um landgræðslu og landgræðslusvæði til að bregðast við rofskemmdum. Skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu byggji á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins."

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vekur athygli á misræmi í texta þar sem annars vegar segir að útfæra skuli landsskipulagsstefnu í aðalskipulagi í samráði við bændur og Landgræðslu ríkisins og hins vegar í lokamálslið greinarinnar að skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu byggji á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leggur áherslu á að allar skipulagsákvæðanir sem snerta beit á miðhálandinu séu teknar í samráði við helstu

hagsmunaaðila sem eru þeir bændur sem nýta landið til beitar. Þá bendir ráðuneytið á að héraðsáætlanir Landgræðslu ríkisins eru ekki skilgreindar í lögum eða reglugerðum og engar opinberar kröfur eru til um hvernig þær skuli unnar eða hvað þær skuli innihalda. Þessar áætlanir hafa því ekki þá lögformlegu stöðu að geta verið skilyrt meginundirstaða skipulagsákvæðana.

Í kafla 2.1.1 *Sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum* segir: "Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi."

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vill í þessu samhengi minna á að fækkun íbúa í dreifbýli er alvarlegt og viðvarandi byggðavandamál sem meðal annars er vikið að í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017. Stöðug framleiðniaukning í landbúnaði veldur fækkun búa og fækkun starfsfólks á hverju búi og nú er svo komið að víða er grunnskólahlald í verulegum vanda vegna fækkunar barna á grunnskólaaldri. Ráðuneytið telur mikivægt að ekki séu settar hömlur á möguleika fólks til að velja sér búsetu í dreifbýli óháð atvinnu, svo fremi sem ekki sé gengið gegn öðrum ákvæðum landskipulagsstefnunnar.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Ólafur Friðriksson